

# Innblástur og öguð vinnubrögð



Gróskumikið starf Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, segir hana hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samtíamameningunni. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Það liggur margt fínlegt í loftinu á Skriðuklaustri í Fljótsdal. **Steinunn Ásmundsdóttir** innti Skúla Björn Gunnarsson eftir skáldamálum og klausturlífi.

Egilsstaðir | "Gunnarsstofnun stendur á tímamótum," segir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri, og telur að vel hafi til tekist en jafnframt séu mörg verkefni framundan. "Grunnuppbyggingunni er að mestu leyti lokið, þ.e. að byggja upp Skriðuklaustur sem einn af höfuðstöðum landsins og gera það að hjarta stofnunarinnar. Í því sambandi var sú leið valin að þróa staðinn sem menningar- og fræðasetur með fjölbreyttu sýningarhaldi og ýmsum viðburðum. Þar fyrir utan að vinna að endurbótum að húsinu og umhverfi þess. Þetta hefur tekið sex ár, húsið er komið í gott ástand, umhverfið þökkalegt og starfsemin orðin nokkuð stöðug og jöfn yfir árið. Gestafjöldi hefur eftir því aukist og er kominn í yfir 10 þúsund gesti á ári."

Næsti áfangi í starfseminni er að sögn Skúla Björns að vinna með Gunnar Gunnarsson og arfleifð hans og er sú vinna hafin að einhverju leyti. Byggja á upp heimildasafn þannig að á Skriðuklaustri verði til öll þau gögn sem menn þurfa á að halda til að rannsaka Gunnar og verk hans. Að auki fer fram umfangsmikil fornleifarannsókn á Skriðuklaustri og er nokkuð í land með að henni ljúki.

## Skáldskapur krefst ögunar

Skúli Björn hefur verið forstöðumaður Gunnarsstofnunar frá árinu 1999, er þrjátíu og sex ára að aldri, íslenskufræðingur og sjálfur skáld, en hann varð fyrstur til að hljóta bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness fyrir smásagnasafnið Lífslukkan tífar sem kom út árið 1996. Að auki hefur hann ritað ásamt fleirum fræðirit af ýmsum toga, tímarita- og blaðagreinar og situr í stjórnnum fjölda samtaka og stofnana. En hvar er þá rými fyrir skáldið Skúla Björn sem skaust upp á himininn með Laxnessverðlaununum fyrir réttum áratug?

"Ég hef skrifað frá því ég var polli og var 26 ára þegar ég fékk verðlaunin. Á þeim árum var ég á kafi í íslenskum bókmenntum í Háskólanum og fullur af ritorku eftir því. Eftir að ég tók við þessu starfi hefur verið afar lítill tími fyrir skáldskapargjöfuna. Það er í svo mörg hornin að líta og margt sem þarf að skrifa og erindast. Ég sakna þess að skrifa skapandi texta, en er hins vegar þannig gerður að það nægir mér ekki að taka einn klukkutíma eða tvo daglega í skriftir heldur verð ég að geta setið við samfellt og tekið skriftir eins og hverja aðra vinnu. Það er eins með skáldverk og hver önnur mannanna verk að þau krefjast ákveðinnar ögunar."

Skúli Björn segist þó leiða hugann að skáldskapnum annað slagið og þó hann hallist fremur að smásögum gangi hann með þann draum að rita skáldsögu um ævi Davíðs Þorvaldssonar sem hann vann BA ritgerð um á sínum tíma. "Davíð er einn af þessum

óþekktari rithöfundum Íslandssögunnar en náði samt sem áður á stuttri ævi að afkasta miklu og fara víða. Hann var einn sá fyrsti í íslenskri bókmenntasögu sem skrifaði lýrískar smásögur. Það er hæfilega mikið vitað um lífshlaup Davíðs til að hægt væri að skrifa um það skemmtilega skáldsögu. Vonandi kemur að því fyrr en síðar."

### **Lomberinn endurvakinn**

Þegar Skúli Björn er spurður um hvaða verkefni undangenginna ára honum þyki vænst nefnir hann endurreisn lomberspilsins, en Gunnar mun hafa verið ástríðufullur lomberspilar á sinni tíð. "Lomberinn var að deyja út hér á Austurlandi en regluleg spilakvöld og -dagar leiddu til þess að ungir menn lærðu spilið og nú er svo komið að meðalaldurinn á lomberdögum hér hefur lækkað um nokkra tugi ára og spilahefðinni er vel við haldið. Þetta er skemmtilegt dæmi um hvernig stofnunin reynir að halda hugsjónum og áhugamálum skáldsins vakandi."

Skúli Björn er kvæntur Elísabetu Þorsteinsdóttir og eiga þau tvær dætur á sjötta og áttunda ári; Ragnhildi Elínu og Jóhönnu Malenu. Fjölskyldan er nýflutt í bjálkahús í Hallormsstaðarskógi en í forstöðumannsbústaðinn Skriðu, sem stendur nærri Gunnarshúsi á Skriðuklaustri, er fluttur nýráðinn staðarhaldari. "Ég byggði draumahúsið okkar Elísabetar í skóginum. Þar vonumst við til að fá aðeins meiri ró enda ákveðin binding fólgin í því að búa á staðnum. Við höldum þó bæði áfram að sækja vinnu í Skriðuklaustur. Stór liður í því hversu vel hefur gengið að gera Klaustur að þeim fjölsóttu stað sem hann er í dag er veitingarekstur Klausturkaffis sem Elísabet rekur. Menn koma orðið langt að til að njóta þess sem þar er í boði eins og lerkisveppasúpu og hrútaberjaskyrtertu. En þetta hefur gert það að verkum að starfsemin á Skriðuklaustri hefur algjörlega verið samvaxin okkar fjölskyldulífi síðustu sex árin og dætur okkar að miklu leyti aldar upp á vinnustaðnum."

Menntamálaráðherra skipaði á síðasta ári nefnd til að móta og gera tillögur um framtíðarskipan Gunnarsstofnunar. Sýn Skúla Björns er að Gunnarsstofnun eigi enn eftir að vaxa mikið og láta víða til sín taka. "Gunnar og Franzisca gáfu íslensku þjóðinni, hinu fjögurra ára fullvalda ríki, Skriðuklaustur til ævarandi eignar árið 1948. Í gjafabréfinu segir að jörðina, sem er eitthvað um 75 ferkílómetrar, skuli hagnýta svo til menningarauka horfi. Þetta er ein stærsta gjöf sem þjóðin hefur þegið af manni í lífanda lífi og lýsir líkt og byggingin hér hversu stórhuga Gunnar var. Stofnun sem kennd er við hann á að starfa af sama stórhug og takast á við marþætt menningarverkefni og framfaramál."